

Fundur í stjórn nemendafélagsins 30. október 2019

Mættir: Íris Helga Aradóttir, Reynir Bjarkan B. Róbertsson, Rakel Sif Davíðsdóttir, Sævar Leó Hilmarsson, Fannar Orri Pétursson, Rebekka Helena B. Róbertsdóttir, Markús Máni Þorvaldsson, Emelía Björk Elefsen og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð. Sérstakir gestir fundarins voru Kristín Jónsdóttir, matráður og Þorvaldur Gröndal, frístundastjóri og forstöðumaður Húss frítímans.

Eftir að Kristbjörg setti fund kynnti hún fyrirkomulag funda stjórnar nemendafélagsins. Þeir verða alla jafna haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Fundargerð er rituð, hún er send fundarmönnum til yfirlestrar, sett í heimastofur allra árganga og birt á heimasíðu skólans. Umsjónarkennurum verður bent á að lesa fundargerðirnar fyrir nemendur sína og gefa þeim tækifæri til að ræða þær.

Kristín Jónsdóttir biður fulltrúa árganganna í stjórn nemendafélagsins að ræða við bekkjarfélaga sína um umgengni í matsal og frágang á vögnum. Hún kom einnig með þá hugmynd að fulltrúarnir ræði við árganginn sinn um uppáhalds matinn og árgangarnir fái að ráða hvað verður í matinn einn dag á skólaárinu. Þessi hugmynd myndi ná yfir alla árganga skólans og Stína ræðir hana við deildarstjóra mið- og yngsta stigs.

Stína fékk ábendingu varðandi morgunmatinn. Kallað var eftir meiri fjölbreytni. Stína útskýrði möguleikana sem hún hefði til að gera breytingar af og til. Nemendur fá morgunmatinn á 115 kr.

Þorvaldur Gröndal óskaði eftir að fá að kynna ungmennaráð sveitarfélagsins. Hann fór yfir hlutverk þess sem er einkum að vera ráðgefandi um málefni sem snerta ungmenni í sveitarfélaginu og koma hugmyndum til félags- og tómstundanefndar (nefndin sem fer með málefni ungs fólks). Fulltrúar 9. og 10. bekkinga í stjórn nemendafélagsins samþykktu að taka sæti í ungmennaráði sveitarfélagsins fyrir hönd Árskóla.

Undir liðnum önnur mál tóku til máls Markús Máni og Reynir Barðdal. Rætt var um hjólabraut, sófa í heimastofur, endurnýjun motta á miðstigi og útitröppur við A-inngang.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.
Kristbjörg Kemp

